

Nd.

## 101. Frumvarp til laga

[4. mál]

um hvalveiðar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

### 1. gr.

Rétt til að stunda hvalveiðar í íslenskri landhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi atvinnumálaráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenskum ríkisborgurum, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi í 1 ár að minnsta kosti.

Ef um félag er að ræða, skal meira en helmingur hlutafjárins vera í eigu manna, sem uppfylla skilyrði fyrstu málsgreinar þessarar greinar, enda sé stjórn félagsins skipuð slíkum mönnum, er eigi heimilisfang og varnarþing á Íslandi.

Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem atvinnumálaráðuneytið telur nauðsynlegar.

### 2. gr.

Til hvalveiða má einungis nota skip, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir að notuð séu. Leyfi til notkunar erlendra skipa skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.

### 3. gr.

Óheimilt er að veiða

- a. hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja;
- b. tiltekna tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið ákveður nánar í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.

### 4. gr.

Með reglugerð getur atvinnumálaráðuneytið

- a. bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum;
- b. takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs;
- c. takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar;
- d. takmarkað veiðiútbúnað;
- e. bannað íslenskum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda, og
- f. sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

### 5. gr.

Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljóti sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

### 6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði.

Jafnframt skal ákveða leyfisgjald fyrir löggildingu samkv. 2. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

7. gr.

Útgerðarmaður hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

9. gr.

Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr., og fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem sekur er um hlutdeild í slíku broti. Ólöglegur afli og veiðarfæri skulu upptæk.

Á skipinu skal hvíla lögveð til tryggingar greiðslu á sektum og kostnaði.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar, og lög nr. 6 6. marz 1896, um hvalleifar.